

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 530.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskausum, verkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum og frystum rækjum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 3.5% af fob-verði útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3.5% gjald af fob-verði greiðist af frystum humar, óverkuðum saltfiski, loðnumjöli og loðnulýsi.
3. 4.2% gjald af fob-verði greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum.
4. 6% gjald af fob-verði greiðist af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorskalýsi, karfamjöli, karfalýsi, heilfrystri sild, frystum sildarflökum, hvallýsi, hvalmjöli, frystu hvalkjöti og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 8.0% gjald af fob-verði greiðist af sildarlýsi, sildarmjöli og sildarsoðkjarna.
6. 10.0% gjald af fob-verði greiðist af saltsild.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum, hertum sjávardýraolíum né heldur vörum frá selveiðum. Niðurlagðar vörur skulu í þessu sambandi teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverð hinnar útfluttu vöru er minna en $\frac{1}{4}$ hluti útflutningsverðsins.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. maí 1968:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	76.90%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	14.50%
3. Til Fiskimálasjóðs	4.98%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.29%
5. Til rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.99%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.67%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	0.67%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 38 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi skv. 2. grein laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1968.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð átta mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs þrjá menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fimm menn, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi og einn eftir sameiginlegri tilnefningu tveggja síðast greindra félaga. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

Séu atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í nefndinni, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði, en nefndin skal einnig hafa skrifstofur í Reykjavík og á Austurlandi.

Nefndin ræður sér starfsfólk.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna, og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.